



Póra Andrésdóttir

Reykjavík 4. nóvember 2021

2110167

0.34.1

1.

Vísað er til fyrri samskipta í tengslum við aðgang að gögnum undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Með tölvubréfi frá 27. október sl. óskaðir þú aðgangs að upptöku eða uppritun af fund nefndarinnar þann sama dag sem þér var ekki fært að sækja.

2.

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa er sérstök nefnd skipuð þingmönnum sem starfar á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Um störf hennar gilda ákvæði þingskapa og starfsreglur fastanefnda Alþingis, eftir því sem við getur átt og lög heimila, sbr. ákvörðun nefndarinnar á 2. fundi hennar frá 6. október 2021, sem og verklagsreglur nefndarinnar sem hún samþykkti á 3. fundi hennar frá 8. október og forseti staðfesti 12. október 2021. Viðfangsefni nefndarinnar er að undirbúa þá rannsókn kjörbréfa sem fram fer á þingsetningarfundi og er því liður í störfum þingsins. Um aðgang að gögnum nefndarinnar fer eftir því sem nánar er ákveðið í þingsköpum og verklagsreglum nefndarinnar.

Af fyrirmælum 1. mgr. 2. gr. verklagsreglna nefndarinnar leiðir að nefndin aflar þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynleg eru fyrir verkefni hennar. Þá kemur fram í 1. mgr. 3. gr. að málsmeðferð kosningakæra er hagað í samræmi við meginreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, og almennar meginreglur stjórnarsýsluréttar, eftir því sem við á. Af 4. mgr. 3. gr. verklagsreglnanna leiðir jafnframt að kæranda er gefinn kostur á að gera athugasemdir við gögn sem undirbúningsnefndin aflar á grundvelli 2. gr. sem áhrif geta haft á meðferð kærunnar. Í 2. mgr. 5. gr. kemur svo fram að gögn undirbúningsnefndar séu að jafnaði birt opinberlega standi lög eða sérstök þagnarskylda því ekki í vegi.

Gögn nefndarinnar eru birt á vef Alþings sjá <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/undirbuningsnefnd-fyrir-rannsokn-kjorbrefa/erindi-til-nefndarinnar/>

3.

Hvað varðar upptökur eða uppritun af fundum nefndarinnar með gestum hennar vísast til þess að umræddir fundir með gestum voru lokaðir og uppritun þeirra gerð í þeim tilgangi að þingmenn geti kynnt sér gögn málsins og tekið ákvörðun þegar Alþingi fjallar um gildi kosninganna, sbr. 5. gr. verklagsreglna nefndarinnar. Var þetta verklag kynnt gestum fyrir fram. Í þessu ljósi hyggst nefndin ekki veita aðgang að uppritunum eða upptökum frá fundum með gestum. Þá verður einnig að líta til þess að lögreglustjórinn á Vesturlandi hefur haft til meðferðar meint brot gegn lögum um kosningar til Alþingis á Hótel Borgarnesi 25.-26. september og efni uppritanna getur skipt máli fyrir sakamálið, sbr. hér til hliðsjónar 17. gr. stjórnsýslulaga. Að því er varðar aðgang að uppritunum frá fundum sem nefndin hefur átt með þeim aðilum sem kært hafa niðurstöður kosninganna verður auk framangreindra sjónarmiða að vísa til þess að kærur þeirra hafa verið birtar á vef Alþingis.

Þrátt fyrir framangreint hyggst undirbúningsnefndin leggja til, með vísan til 3. gr. verklagsreglna nefndarinnar, að kærendum verði innan skamms gefinn kostur á að kynna sér lýsingu nefndarinnar á málsatvikum eins og þau liggja fyrir í fyrirliggjandi gögnum og hún hyggst byggja mat sitt á við tillögugerð sína. Munu kærundur þá fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og andmælum á framfæri. Rétt þykir að taka fram að á fundi nefndarinnar 27. október komu aðrir kærundur fyrir nefndina og greindu frá kærurum sínum



Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis